

Reykjavík, 5.2.2019

Hallgrímur J. Ámundarson
Forsætisráðuneytið
Stjórnarráðshúsið
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um áformaðar lagasetningar um vandaða starfshætti í vísindum

Vísað er til áforma stjórnvalda um lagasetningu um vandaða starfshætti í vísindum. Eftirfarandi eru athugasemdir fyrirtækja í OR samstæðunni, nánar tiltekið Orkuveitu Reykjavíkur, Orku náttúrunnar, Veitna og Gagnaveitu Reykjavíkur. Þar sem eftirleiðis er vísað til OR samstæðunnar er verið að vísa til þessara fyrirtækja. OR samstæðan fagnar því að stjórnvöld veiti þessu máli athygli og hugi að því að regluverk í kringum málaflokkinn sé vandað og nytsamlegt.

Íslenski orkugeirinn hefur frá upphafi verið í virku samstarfi við vísindasamfélagið. Eins hefur OR samstæðan leitt og tekið þátt stórum rannsóknarverkefnum sem sum hver hafa vakið heimsathygli. Sem dæmi um þetta má nefna CarbFix verkefnið þar sem Orkuveita Reykjavíkur og Orka náttúrunnar hafa unnið náið með íslenskum og erlendum háskólum og rannsóknarstofnunum að því að prófa og sanna að hægt sé að steinrenna koltvísýring í bergi og þannig draga úr gróðurhúsaáhrifum. Jafnframt hefur samstæðan stuðlað að þjálfun fjölda framhaldsnema á háskólastigi og staðið að og tekið þátt í birtingu fjölmargra vísindagreina í ritryndum tímaritum.

OR samstæðan stefnir að því að halda áfram að vera í fararbroddi á þessu sviði bæði hér innanlands sem utan. Lagaleg umgjörð starfshátta í vísindum skiptir okkur því miklu máli og þá sérstaklega að hugað sé að hagsmunum og snertiflötum atvinnulífsins við vísindi í þeirri umgjörð.

Virðingarfyllst,



Hildigunnur Thorsteinsson
Framkvæmdastjóri Þróunar